

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

3. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 15. janúar 1992 og hófst hann kl. 14:30.

Mætt: Kári, Halldór, Sigfús, Sigbjörn, Stefán, Elísabet, Ingimar, Guðmundur og Sigurður Þórhallsson framkv.stj.

Kári setti fund og bauð fundarfólk velkomið.

Kári gat þess að enn lægi ekki fyrir endanleg niðurstaða frá fjárlaganeftnd Alþingis um styrkveitingu til L.H. en sagðist eiga von á að þar yrði um niðurskurð að ræða miðað við síðasta fund.

1. Fundarboð vegna FM 1993. Kári gerði að tillögu sinni að Stefán Bjarnason form. Léttis kallaði saman formannafund norðlensku hestamannafélaganna til umfjöllunar um FM 1993. Var það samþykkt.

2. Svæðisfundir. Ákveðið var að fara í fundarherferð á norðausturlandi, halda þar brjá fundi, einn í Norður-Þing. annan í Suður-Þing. og þann þriðja í Eyjafirði. Stefnt er að, að ljúka þessu verkefni á einni helgi t.d. seinni part febrúarmánaðar eða byrjun mars.

Til greina kemur að funda einnig hér nær ef aðstæður leyfa og tilefni þykir til. Á þessa fundi mæta stjórnar- og varastjórnarmenn af viðkomandi svæði/svæðum og að sjálfsögðu formaður og framkvæmdastjóri.

3. Ráðning æskulýðsfulltrúa. Fyrir liggur að upphaflegar áætlanir um fjármögnun á æskulýðsstarfi standast ekki en í fjárhagsáætlun fyrir 1992, sem lögð var fyrir síðasta Landsþing, var gert ráð fyrir allt að 1. milljón til æskulýðsstarfs og að ráðnir yrðu jafnvel tveir eða þrír starfsmenn til að sinna því. Kolbrún Kristjánsdóttir hefur nú breytt afstöðu sinni og lýsir því nú yfir að hún sé tilbúin til að sinna starfi æskulýðsfulltrúa áfram líkt og hún hefur gert undanfarin ár. Hún hyggst hafa sér til aðstoðar Ásdísi Ingimarsdóttur frá Hvanneyri. Gert er ráð fyrir að kostnaður við þetta starf verði á svipuðum nótum og 1991 þ.e. 500-600 þús.kr. Samþykkt var að ganga að bessu.

4. Verklýsing starfsnefnda. Kári las upp verklýsingar sem samdar hafa verið fyrir starfsnefndir L.H. og hafa verið sendar öllum nefndarmönnum til glöggvunar á starfs-sviði viðkomandi nefnda.

5. Reiðvegaáætlun. Starfsnefnd sú er sett var á laggirnar að frumkvæði samgönguráðuneytisins og hefur það verksvið að undirbúa reiðvegaáætlun til næstu 4ra ára, hefur nú tekið til starfa. Ljóst er að parna er um viðamikið og margslungið starf að ræða, sem fulltrúi L.H., Sigurður Þórhallsson, er nú að kljást við og því talið nauðsynlegt að koma á fót eins konar bakhóp til að styðja við bakið á Sigurði í þessu starfi.
6. Þjórsárbakkafundur. Þar mættu auk landeigenda, fulltrúar frá Sleipni og Smára svo og formaður og framkvæmdasjtóri L.H. Samkomulag náðist og felst í því að komið verði upp áningaráhólfí og hætt verði hrossarekstri gegnum svæðið. Menn teymi sín hross, sem þeir ekki ríða á. Upplýsingum um þessar reglur verði komið upp við reiðleiðina.
7. Kári var viðstaddir formlega vígslu nýs húss Stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti 28. des. s.l. Hann greindi frá þeim atburði.
8. Kári fjallaði um Reiðskólann h.f. í Reiðhöllinni. Hann kynnti tillögu að starfssamningi milli Reiðskólans h.f. og Reykjavíkurborgar sem Borgin hefur lagt fram.
9. Bréf barst frá Friðþjófi Þorkelssyni varðandi félagsjald til Dómarafélags L.H. sem hann taldi eðlilegt að L.H. greiddi en ekki félagar í Dómarafélagi. Máli þessu var vísað til millibinganefndar sem á að endurskoða menntunarmál og starfsaðstöðu gæðingadómara.
10. Viðræður við F.T. um kaup og kjör. Sigfús Guðmundsson greindi frá því máli. Haldnir voru þrír fundir með fulltrúum F.T. og Félags hrossabænda. Fulltrúar F.T. höfðu sett fram ákveðnar kröfur og gerðu fulltrúar L.H. og Félags hrossabænda þeim gagntilboð, sem var hafnað. Engin niðurstaða fékkst því í þessu máli. Fundarmenn voru sammála um að gera þurfi grein opinberlega fyrir þessari niðurstöðu og kynna þær viðmiðunartölur sem hafðar voru til grundvallar í gagntilboði L.H. og Félags hrossabænda til F.T.
11. Kári gerði að tillögu sinni að reynt yrði aftur að halda símafund ef aðstæður leyfðu.
Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:10.

Sigbjörn Björnsson,
Halldór Gunnarsson
Sigfús Guðmundsson

Ingimar Ingimarsson
Guðmundur Jónsson
Kári Arnórsson.